



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Ársskýrsla Sprotasjóðs

úthlutunarárið 2017-2018

Efnisyfirlit

Hlutverk Sprotasjóðs	1
Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2017-2018.....	1
Umsýsluaðili	2
Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2017-2018.....	2
Úthlutun Sprotasjóðs 2017 - 2018	3
Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2017-2018.	4
Samningar við styrkþega	8
Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs.....	9
Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2017	14

Hlutverk Sprotasjóðs

Sprotasjóður var stofnaður samkvæmt [15. gr. laga nr. 90/2008](#) um leikskóla, [34. gr. laga nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [53. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Sjá nánar um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans [nr. 242/2009](#).

Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2017-2018

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar Sprotasjóði fimm manna ráðgefandi stjórn til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Skal einn stjórnarmanna vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þann 14. febrúar 2018 endurnýjaði ráðherra stjórn hans til fjögurra ára.

Í stjórninni sitja:

Björk Óttarsdóttir, formaður, án tilnefningar

Sonja Dögg Pálsdóttir, án tilnefningar

Anna María Gunnarsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Jón Torfi Jónsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins.

Umsýsluaðili

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) sér um umsýslu Sprotasjóðs og hefur gert það frá stofnun sjóðsins. Samningurinn hefur nú verið endurnýjaður í tvígang og er gildistími þess samnings sem nú er í gildi frá 1. júlí 2018 til 31. desember 2021.

Meðal starfa umsýsluaðila er að halda utan um umsóknarferlið, taka á móti umsóknum, sjá um að lokaskýrslum og rekstrarreikningum sé skilað á tilskildum tíma og vera styrkþegum innan handar við þau skil. Lokaskýrslur verkefna eru aðgengilegar á vef Sprotasjóðs www.sprotasjodur.is

Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2017-2018

Fyrsti fundur stjórnar vegna úthlutunnar ársins 2017-2018 var haldinn í desember 2016 og voru þá lagaðar línur fyrir vinnu stjórnar á komandi úthlutunarári. Samþykkt var tímalína um vinnu stjórnar og umsóknarferli. Stjórn ræddi tillögur að áherslusviðum en þar eru aðalnámskrár skólastiganna hafðar til hliðsjónar. Fulltrúar hvers skólastigs innan stjórnar ræða um það sem er í deigluinni innan hver skólastigs og út frá því eru settar saman hugmyndir að áherslusviðum sem geta passað öllum þremur skólastigunum. Tillögurnar eru svo lagðar fyrir mennta- og menningarmálaráðherra til skoðunar og staðfestingar.

Tillögur stjórnar að áherslusviðum fyrir úthlutunarárið 2016-2017 voru eftirfarandi:

- Móðurmál í stafrænum heimi
- Lærdómssamfélag í skólastarfi
- Leiðsagnarmat

Auglýsing um styrkumsóknir var send út af ráðuneytinu í byrjun janúar til birtingar í dagblöðum. Auglýsingin var sett inn á vef ráðuneytisins og Sprotasjóðs en einnig inn á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga og á heimasíðu Kennarasambands Íslands. Ásamt því voru sendar út tilkynningar á alla leik-, grunn- og framhaldsskóla og þannig vakin athygli á sjóðnum. Umsækjendum var gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Sprotasjóðs, www.sprotasjodur.is Umsóknartímabilið var frá 12. janúar til 28. febrúar 2017.

Úthlutun Sprotasjóðs 2017 - 2018

Alls bárust 119 umsóknir til sjóðsins og var heildarupphæð umsókna rúmar 266 millj. kr. Stjórn sjóðsins fór yfir umsóknir í marsmánuði en í lok mars lagði stjórnin fyrir menntamálaráðherra tillögu að styrkveitingum. Ráðherra ákvað að tillögu stjórnar að veita styrki til 48 verkefna samtals að upphæð rúmlega 61 millj.kr. Í töflu 1 má sjá hvernig styrkir dreifðust milli skólastiga og landshluta.

Tafla 1. Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta úthlutunarárið 2015-2016

	Höfuðborg	Suðurnes	Suður-land	Vest-firðir	Vestur-land	Norður-land	Austur-land	Samtals	Upphæð
Leikskólar	4		1			2		7	11.450.000
Grunnskólar	10	3	1	1	2	6	4	27	36.055.000
Framhaldsskólar	4		2			5		11	10.150.000
Þvert á skólastig	3							3	3.900.000
Samtals	21	3	4	1	2	13	4	48	61.555.000

Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2017-2018.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu styrk úthlutunarárið 2017-2018.

Tafla 2. Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2017-2018

Úthlutun 2017-2018			
Leikskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun
Leikskólinn Akur	Fjölmenningarstarf Akurs		650.000
Leikskólinn Krógaból	Nýsköpun og snjalltækni - að koma til móts við nýja kynslóð	Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri	3.500.000
Leikskólinn lðavöllur	Þar er leikur að læra - íslensku. Að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna	Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri	2.300.000
Pálmholt	Stærðfræði - skimun	MÍÓ tríóið	1.500.000
Leikskólinn Ösp	Foreldrar, börn, fjölmennning og Asparlíf, ný leið að betri og bættari samfélagi	Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri	1.800.000
Grandaborg	Betri samskipti, allra hægur		1.500.000

Grunnskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun
Fellaskóli	Allir á heimavelli		2.000.000
Krikaskóli	Ég get, ég veit, ég vil og mig langar að framkvæma	Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Íþróttafjör – Afturelding, Listaskóli Mosfellsbæjar	1.000.000
Brekkubæjarskóli	Vitinn		800.000
Rimaskóli	Leið þín um lífið		1.000.000
Grunnskólinn á Ísafirði	Þríþraut - fjölmenningslegt verk um sjálfsmynd, menningu og fordóma		900.000
Hólabrekkuskóli	Innleiðing forritunar í Hólabrekkuskóla	Kóder	1.800.000
Salaskóli	Nám í frumkvöðla - og nýsköpunarmennt í 1. - 10. bekk í samstarfi við atvinnulífið		1.500.000
Landakotsskóli	Lifandi gagnasafn í Ísl2		1.000.000
Sjálundsskóli	Orðabók - orðaleit		850.000
Seyðisfjarðarskóli	Fræðsluverkefni 2016-2017		300.000
Skólaskrifstofa Austurlands	Þróun fjölbreyttra kennsluhátta á mið- og unglingsstigi við þjálfun lestrar og lesskilnings í grunnskólum á Austurlandi.	Vopnafjarðarskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar, Brúarásskóli, Fellaskóli, Egilsstaðaskóli, Seyðisfjarðarskóli, Nesskóli, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðarskóli, Grunnskóli Djúpavogs	2.000.000
International school of Iceland	Dynamic thinking - (Dýnamísk hugsun)	Klífið skapandi fræðslusetur, 2creatEffects, Menntaklif – þekkingartorg, Háskólinn á Akureyri, International School of Iceland	800.000
Réttarholtsskóli	Viltu tala íslensku við mig?	Laugalækjarskóli	1.500.000
Breiðholtsskóli	Brúum bil milli mála - tungumálið er lykilinn		2.000.000

Stöðvarfjarðarskóli	Skólabúðir á Stöðvarfirði	Sköpunarmiðstöðin svf. og Grunnskólar Fjarðabyggðar	1.000.000
Hraunvallaskóli	FRÆDSLUSKOT fyrir kennara- fræðsla og hagnýt kennslunálgun í íslensku sem öðru tungumáli	Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	1.200.000
Rimaskóli	Skákin er minn styrkleiki		2.700.000
Stóru-Vogaskóli	Trú á eigin námsgetu hjá nemendum af erlendum uppruna		800.000
Menntavísindasvið Háskóla Íslands	Innleiðing nýsköpunar í textíl	Garðaskóli í Garðabæ	2.000.000
Árbæjarskóli	Frá hugmynd til framkvæmdar - startup Árbær		3.000.000

Framhaldsskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Safnaheimsóknir		200.000
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Fardagar fjarmenntaskólans		1.500.000
Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	Hússtjórnarskólabraut fyrir nemendur með sérparfir		1.500.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Listmenntun til sjálfbærni. Listasmiðjur - nýsköpun		2.600.000

Þvert á skólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun
Hríseyjarskóli	Leiðtogar í eigin námi	Skóladeild Akureyrarbæjar, Grímseyjarskóli	2.500.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Evrópsk menningarbörn	Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Tóney Listkennsludeild LHÍ	900.000
Félags- og skólaþjónusta A-Hún - Fræðsluskrifstofa	Málþroski - og læsi - færni til framtíðar	Leikskólinn Ásgarður, Leikskólinn Barnabær, Leikskólinn Vallaból, Leikskólinn Barnaból, Leikskólinn Lækjarbrekka	2.500.000
Hvolsskóli	Þróun og prufukeysla nemendamiðaðra kennslutóla í umhverfismennt	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Laugarnesskóli, Leikskólinn Hof	1.800.000
Djúpavogsskóli (grunn- og leikskóli)	Innleiðing Cittaslow.		2.100.000
Fræðsluvið Árborgar	Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg	Leikskólinn Árbær, Leikskólinn Álfheimar, Leikskólinn Hulduheimar, Leikskólinn Jötunheimar, Leikskólinn Brimver, Æskukot, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóli, Vallaskóli, Fjölbrautaskóli Suðurlands	3.100.000
Laugalækjarskóli	Samfélagsvitund	Hrafnista í Reykjavík, Leikskólinn Laugasól	400.000
Fræðslu- og velferðarsvið Borgarbyggðar	Hugarflug - að efla nýsköpunarmennt í skólum Borgarbyggðar	Klettaborg, Ugluklettur, Andabær, Hnoðraból, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskóli Borgarfjarðar, Menntaskólinn í Borgarnesi	1.650.000
Heildarúthlutun			60.150.000

Samningar við styrkþega

Umsýsluaðili sendi öllum umsækjendum Sprotasjóðs svör við umsóknum þeirra í aprílmánuði og í kjölfarið var unnið að gerð samninga með styrkþegum og náðist að ljúka þeirri vinnu í maí. Þar sem styrkbeiðnir voru talsvert hærri en þeir fjármunir sem sjóðurinn hafði til úthlutunar þurfti sjóðurinn að úthluta lægri fjárhæðum en sótt var um til margra verkefna. Nokkrir styrkþegar urðu í framhaldinu að endurskoða áætlanir sínar og var það gert í samvinnu við umsýsluaðila og stjórn sjóðsins. Sama fyrirkomulag var haft á samningum eins og verið hafði undanfarin ár, þ.e. styrkþegi fær send þrjú eintök til sín, heldur eftir einu, tvö eru send til baka til umsýsluaðila sem heldur einu eftir en eitt eintak fer til bókhaldssviðs ráðuneytisins sem sér um að greiða styrkina samkvæmt samningum.

Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs

Sprotasjóður hefur nú starfað í átta úthlutunartímabil og í töflu 3 og 4 hér fyrir neðan má sjá hvernig styrkirnir hafa skipst milli skólastiga á þessum tímabilum.

Tafla 3. Yfirlit yfir úthlutunarár Sprotasjóðs



	2009-2010		2010-2011		2011-2012		2012-2013		2013-2014	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Leikskólar	5	4.000.000	8	3.900.000	7	9.900.000	10	7.450.000	7	9.900.000
Grunnskólar	25	17.180.000	25	18.430.000	16	16.130.000	20	17.700.000	16	16.130.000
Framhaldsskólar	9	11.900.000	8	11.500.000	14	15.230.000	9	9.550.000	14	15.230.000
Þvert á skólastig	5	10.350.000	6	10.950.000	3	3.900.000	7	8.350.000	3	3.900.000
Alls	44	43.430.000	47	44.780.000	40	45.160.000	46	43.050.000	40	45.160.000

Tafla 4. Yfirlit yfir úthlutunarár Sprotasjóðs


	2014-2015		2015-2016		2016-2017		2017-2018		Alls	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Leikskólar	8	10.300.000	7	10.880.000	6	11.250.000	7	11.450.000	64	76.230.000
Grunnskólar	21	25.344.000	25	22.450.000	20	28.150.000	27	36.055.000	193	194.339.000
Framhaldsskólar	7	11.930.000	9	12.550.000	4	5.800.000	11	10.150.000	81	160.710.000
Þvert á skólastig	1	2.000.000	4	3.400.000	8	14.950.000	3	3.900.000	41	62.300.000
Alls	37	49.574.000	45	49.280.000	38	60.150.000	48	61.555.000	379	493.579.000

Í töflunum má sjá að sjóðurinn hefur úthlutað rúmlega 493 millj.kr. til 379 þróunarverkefna á þeim níu úthlutunartímabilum sem liðin eru frá stofnun sjóðsins.


Ef horft er yfir öll úthlutunartímabil sjóðsins má sjá að grunnskólastigið er að fá flestar úthlutanir en það er í takt við þann fjölda umsókna sem berast til sjóðsins eftir skólastigum en langflestar umsóknir koma frá grunnskólastiginu. Hér fyrir neðan má sjá myndrænt yfirlit yfir öll úthlutunarárin þar sem sjá má hvað margar umsóknir hafa borist ár hvert frá hverju skólastigi og hve margar af þeim umsóknum hlutu styrk.




Mynd 1. Fjöldi umsókna 2009-2010, greint eftir skólastigi og úthlutun. **Mynd 2.** Fjöldi umsókna 2010-2011, greint eftir skólastigi og úthlutun.




Mynd 3. Fjöldi umsókna 2011-2012, greint eftir skólastigi og úthlutun




Myndi 4. Fjöldi umsókna 2012-2013, greint eftir skólastigi og úthlutun.




Mynd 5. Fjöldi umsókna 2013-2014, greint eftir skólastigum og úthlutun




Mynd 6. Fjöldi umsókna 2014-2015, greint eftir skólastigum og úthlutun.



Mynd 7. Fjöldi umsókna 2015-2016, greint eftir skólastigi og úthlutun.



Mynd 8. Fjöldi umsókna 2016-2017, greint eftir skólastigi og úthlutun.



Mynd 9. Fjöldi umsókna 2017-2018, greint eftir skólastigi og úthlutun.

Ef skoðað er hvaða skólastig fær hlutfallslega flesta styrki miðað við fjölda umsókna þá má segja að dreifingin sé nokkuð svipuð en þó má sjá að þær umsóknir sem flokkast sem umsóknir þvert á skólastig fá hlutfallslega flesta styrki.

Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2017

SPROTASJÓÐUR	22-10	2017	
Fjárlagaliður 02-721-110		Fjárveiting	Greitt
Fjárlög		62.300.000	
Frá fyrra ári		73.865	
Greiðslur:			
Umsýslugjald til RHA, 2017			4.800.000
Þóknun stjórnar			570.726
Funda- og ferðakostnaður			132.176
Internet á Íslandi			6.980
Auglýsingar			182.844
Styrkir:			
Styrkir úthl. 2017, greiddir			35.883.000
Bókaðir ógreiddir styrkir 31.12.17			23.902.000
Samtals greitt 31. des. 2017		62.373.865	65.477.726
Eftirstöðvar			-3.103.861